



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 64/2015

Textílmerkingar og upplýsingar um þjónustuveitanda á vefsíðunni lindesign.is

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 8. júlí 2015, til Framsýns fólks ehf., rekstraraðila vefsíðunnar lindesign.is, var gerð grein fyrir því að stofnunin hafi tekið þátt í sameiginlegu verkefni eftirlitsstjórnvalda innan OECD-ríkjanna. Í bréfinu segir að verkefnið hafi varðað vöruöryggi með tilliti til sölu vöru á netinu. Af því tilefni hafi Neytendastofa gert könnun á íslenskum vefsíðum þar sem barnafatnaður sé til sölu. Kannað hafi verið hvort vefsíðurnar uppfylltu skilyrði ákvæða reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1007/2011, um heiti textíltrefja og viðkomandi merkimiða og merkinga varðandi trefjasamsetningu textílvara, sem innleidd var með reglum nr. 220/2015, um heiti og merkingu textílvara, og reglur um upplýsingagjöf þjónustuveitanda rafrænnar þjónustu, sbr. ákvæði laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðrar rafræna þjónustu, og laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Í bréfinu var gerð grein fyrir þeim lögum og reglum sem í gildi eru um merkingar textílvara á netinu og hvernig upplýsingagjöf þjónustuveitanda á netinu skuli háttað. Fram kom að gerðar væru athugasemdir við að vefsíðan lindesign.is uppfyllti ekki öll skilyrði laga og reglna sem gilda um sölu á textílvöru á netinu. Þannig hafi ekki verið að finna fullnægjandi upplýsingar um samsetningu textíltrefja á öllum vörum, sbr. 5. gr. og 9. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1007/2011 sem gildi einnig um sölu á vörum á netinu, sbr. 1. mgr. 16. gr. sömu reglugerðar. Einnig voru gerðar athugasemdir við að á vefsíðuna vantaði fullnægjandi upplýsingar um þjónustuveitandann og var í því skyni vakin athygli á 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002.

Með bréfinu var lindesign.is gefinn kostur á að koma á framfæri skýringum eða athugasemdum auk þess sem þeim eindregnu fyrirmælum var beint til vefsíðunnar að gera viðeigandi úrbætur á upplýsingunum.



Í samtali starfsmanns Neytendastofu við starfsmann Lin Design hinn 14. ágúst 2015 kom fram að ný heimasíða Lin Design færi í loftið í ágúst, eða í síðasta lagi í september, þar sem gætt yrði að því að allar viðeigandi upplýsingar komi fram.

2.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 24. ágúst 2015, voru gerðar athugasemdir við að viðeigandi lagfæringar hafi ekki verið gerðar á vefsíðunni, þrátt fyrir að komið hafi fram í samtali við starfsmann Lin Design um miðjan ágústmánuð 2015 að unnið væri að uppsetningu nýrrar vefsíðu og hafi því átt að vera lokið í ágúst. Í bréfinu var ítrekað að á vefsíðuna lindesign.is vantaði fullnægjandi textílmerkingar við vörur. Tekið var fram að gefa þurfi upplýsingar um það hvort vara sé til dæmis 100% bómull eða hvort hún sé fjöltrefja og þá hver blandan sé. Ítrekað var að textílmerkingar þurfi að koma skýrt fram og eigi þær upplýsingar að vera sýnilegar neytendum áður en varan er keypt, einnig þegar kaupin fari fram með rafrænum hætti.

Í bréfinu voru einnig gerðar athugasemdir við það að á vefsíðuna vantaði upplýsingar um þjónustuveitandann, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002.

Í bréfinu var þeim fyrirmælum beint til lindesign.is að koma fyrir greindum upplýsingum í viðunandi horf. Yrði það ekki gert mætti búast við því að tekin yrði ákvörðun á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005, sbr. einnig 1. mgr. 19. gr. laga nr. 30/2002.

Hinn 26. ágúst 2015 hafði starfsmaður Lin Design samband við Neytendastofu og tjáði starfsmanni stofnunarinnar að ný heimasíða færi í loftið hinn 10. september 2015.

3.

Við skoðun Neytendastofu á vefsíðunni lindesign.is hinn 2. október 2015 kom í ljós að búið var að opna nýja vefsíðu en ekki varð séð að lagfærðar hefðu verið textílmerkingar barnafatnaðar á síðunni. Á vefsíðuna var búið að setja inn upplýsingar um nafn, kennitölu og virðisaukaskattsnúmer þjónustuveitanda, sbr. 1., 3. og 5. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002 en enn vantaði upplýsingar um heimilisfang þar sem þjónustuveitandi hefur staðfestu, póstfang, netfang og aðrar upplýsingar sem gera mögulegt að hafa samband við þjónustuveitanda á greiðan hátt og þá opinberu skrá sem þjónustuveitandi er skráður hjá, sbr. 2., 4., og 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. sömu laga.

4.

Við skoðun á vefsíðunni hinn 4. desember 2015 mátti sjá að ekki höfðu verið gerðar viðunandi lagfæringar.



II. Niðurstaða

1.

Í máli þessu hefur Framsýnt fólk ehf., rekstraraðili vefsíðunnar lindesign.is, ekki sinnt fyrirmælum Neytendastofu um að koma í viðunandi horf innan tilskilins frests upplýsingum um samsetningu textíltrefja á barnafötum sem seld eru á vefsíðunni, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1007/2011, um heiti textíltrefja og viðkomandi merkimiða og merkinga varðandi trefjasamsetningu textílvara, sem innleidd var hér á landi með reglum nr. 220/2015, um heiti og merkingu textílvara. Þá hefur Framsýnt fólk ehf. ekki sinnt fyrirmælum Neytendastofu um að koma öllum lögbundnum upplýsingum um þjónustuveitanda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, í viðunandi horf.

2.

Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1007/2011 er fjallað um það hvernig framleiðendur skuli háttá textílmerkingum, hvaða hugtök skuli notuð og hvernig farið skuli með merkingar á vörum unnum úr trefjablöndu. Dreifingaraðili telst vera framleiðandi þegar hann setur vöru á markað undir eigin nafni eða vörumerki, sbr. 2. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1007/2011 skal við lýsingu á samsetningu trefja á merkimiðum og merkingum á textílvörum aðeins nota þau heiti textíltrefja sem skráð eru í I. viðauka reglugerðarinnar. Þá skal samkvæmt 1. mgr. 9. gr. merkja textílvöru með heiti og hundraðshluta allra trefjaefnisþátta, miðað við þyngd, í lækandi röð. Í öðrum ákvæðum 9. gr. reglugerðarinnar eru frekari fyrirmæli um hvernig skuli háttá merkingum á fjöltrefja textílvörum.

Ákvæði 1. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1007/2011 er svohljóðandi:

„Þegar textílvara er boðin fram á markaði skal tilgreina lýsingar á samsetningu textíltrefja sem um getur í 5., 7., 8. og 9. gr. í vöruskrám, kynningarefni, á umbúðum, merkimiðum og merkingum, með þeim hætti að þær séu auðlæsilegar, sýnilegar, skýrar og með prentletri sem samræmt er að því er varðar stærð, snið og leturgerð. Þessar upplýsingar skulu vera vel sýnilegar neytandanum fyrir kaupin, þ.m.t. í þeim tilvikum sem kaupin fara fram með rafrænum hætti.“

Samkvæmt ákvæðinu ber ávallt að gefa upplýsingar um samsetningu textíltrefja þeirra vara sem til sölu eru í samræmi við ákvæði 5., 7., 8. og 9. gr. reglugerðarinnar, þar á meðal á vefsíðum, og skulu þær upplýsingar vera vel sýnilegar neytendum fyrir kaup.

Lög nr. 30/2002 leggja þá skyldu á fyrirtæki að veita ávallt greiðan og samfelldan aðgang að ýmsum upplýsingum um þjónustuveitanda rafrænnar þjónustu. Ákvæði 1. mgr. 6. gr. laganna er svohljóðandi:



„Þjónustuveitandi skal veita greiðan og samfelldan aðgang að eftirfarandi upplýsingum um sig:

1. nafni,
2. heimilisfangi þar sem hann hefur staðfestu,
3. kennitölu,
4. póstfangi, netfangi og öðrum þeim upplýsingum sem gera mögulegt að hafa samband við hann á greiðan hátt,
5. virðisaukaskattsnúmeri þjónustuveitanda,
6. þeirri opinberu skrá sem hann er skráður hjá, svo sem hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá eða firmaskrá, og
7. leyfi og eftirlitsaðila ef starfsemi hans er háð leyfum.“

3.

Við skoðun Neytendastofu á upplýsingum um þær vörur sem boðnar eru til sölu á vefsíðunni lindesign.is kom í ljós að ekki komu fram upplýsingar um samsetningu textíltrefja á öllum barnafatnaði sem skoðaður var auk þess sem textílmerkingar vantaði við fleiri textílvörur sem boðnar eru til sölu á vefsíðunni. Vefsíðan lindesign.is uppfyllir því ekki kröfur 5. og 9. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1007/2011, sbr. 1. mgr. 16. gr. reglugerðarinnar, sbr. a-lið 1. gr. reglna nr. 220/2015 um heiti og merkingu textílvara.

Þá er á vefsíðunni lindesign.is hvorki að finna upplýsingar um heimilisfang þar sem þjónustuveitandi hefur staðfestu né póstfang, netfang og aðrar þær upplýsingar sem gera mögulegt að hafa samband við hann á greiðan hátt né þá opinberu skrá sem félagið er skráð hjá, með samfelldum og greiðum hætti, sbr. 2., 4. og 6. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002. Kröfur samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002 um upplýsingagjöf þjónustuveitanda eru því ekki uppfylltar.

Þrátt fyrir ítrekarnir Neytendastofu hafa ekki verið gerðar lagfæringar á vefsíðunni. Þykir stofnuninni því nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem Neytendastofu eru heimil.

4.

Samkvæmt ákvæði 3. gr. reglna nr. 220/2015 fer um þvingunarúrræði og viðurlög fyrir brotum gegn reglum eftir ákvæðum IX. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga nr. 30/2002 hefur Neytendastofa eftirlit með að farið sé eftir 6.-7. og 9.-11. gr. laganna. Þá kemur einnig fram í ákvæðinu að ef brotið er gegn fyrrgreindum ákvæðum gildi ákvæði laga nr. 57/2005 um úrræði Neytendastofu, stjórnvaldssektir og málsmeðferð.

Ákvæði 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 er svohljóðandi:

„Neytendastofa getur gripið til aðgerða gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VI. kafla og ákvæði VII.-VIII. kafla eftir því sem við getur átt. Aðgerðir Neytendastofu geta falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði.“



Þá hefur stofnunin heimildir til álagningar stjórnvaldssekta skv. 22. gr. laganna og dagsekta skv. 23. gr. þeirra.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 beinir Neytendastofa þeim fyrirmælum til Framsýns fólks ehf., rekstraraðila vefsíðunnar lindesign.is, að koma textílmerkingum á vörum á vefsíðunni og upplýsingum um þjónustuveitanda í rétt horf innan tveggja vikna frá móttöku ákvörðunarinnar. Verði það ekki gert skal Framsýnt fólk ehf. greiða dagsektir í samræmi við 23. gr. laga nr. 57/2005 að fjárhæð 20.000 kr. (tuttugþúsundkrónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðun Neytendastofu. Sektorfjárhæðin er ákveðin með mið af meðalhófsreglu stjórnsýslulaga, umfangs brotsins og fjárhæðum dagsekta í öðrum ákvörðunum Neytendastofu.

III.

Ákvörðunarorð:

„Framsýnt fólk ehf., rekstraraðili vefsíðunnar lindesign.is, hefur með því að veita ekki upplýsingar um samsetningu textíltrefja á vörum sem seldar eru á vefsíðunni lindesign.is brotið gegn ákvæðum 5. og 9. gr., sbr. 1. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1007/2011, um heiti textíltrefja og viðkomandi merkimiða og merkingar varðandi trefjasamsetningu textílvara, sbr. a-lið 1. gr. reglna nr. 220/2015, um heiti og merkingu textílvara.

Framsýnt fólk ehf., rekstraraðili vefsíðunnar lindesign.is, hefur með því að veita ekki upplýsingar um heimilisfang þar sem þjónustuveitandi hefur staðfestu, póstfang, netfang og aðrar upplýsingar sem gera mögulegt að hafa samband við hann á greiðan hátt og þá opinberu skrá sem þjónustuveitandi er skráður hjá, á vefsíðuna lindesign.is, brotið gegn ákvæðum 2., 4. og 6. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

Framsýnt fólk ehf. skal innan tveggja vikna frá móttöku þessarar ákvörðunar gera viðeigandi úrbætur á vefsíðunni lindesign.is. Verði það ekki gert innan tilskilins tíma skal félagið greiða dagsektir að fjárhæð 20.000 kr. (tuttugþúsundkrónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðun Neytendastofu.“

Neytendastofa, 18. desember 2015

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir